

52 Smásala á öðru en bílum og vélhjólum; viðgerðir á hlutum til einka- og heimilisnota

Til þessarar greinar telst:

- Endursala (án breytinga) á aðkeyptum nýjum og notuðum vörum til einkanota eða heimilisnota úr verslunum, sölutumum, stórverslunum, sölubásum í tjöldum eða útimörkuðum, póstverslunum, frá götusölum o.s.frv.
- Sala í verslunum á vörum (t.d. ritvélum og pappírsvöru) sem bæði eru til heimilisnota og nota á stofnunum eða í fyrirtækjum
- Ísetningar og viðgerðir á búnaði til einkanota eða heimilisnota hvort sem sú starfsemi tengist smásölu eða ekki

Til þessarar greinar telst ekki:

- Verslun með korn, málma, efnaafurðir, járn og stál auk iðnaðarvéla og búnaðar, sbr. 51
- Sala og viðgerðir á bílum, ihlutum og eldsneyti fyrir þá, sbr. 50
- Sala matvæla og drykkjarvöru sem neytt er á staðnum, sbr. 55.3, 55.4, 55.5
- Leiga á vörum til einkanota eða heimilisnota, sbr. 71.4

52.1

Blönduð smásala

52.11

Blönduð smásala með matvöru, drykkjarvöru og tóbak sem aðalvörur

Til þessarar greinar telst:

- Smásala með alls kyns vörur auk matvæla þar sem a.m.k. 2/3 veltunnar er sala á matvælum, drykkjarvöru og tóbaki

52.11.1 Stórmarkaðir með minnst 400 m² verslunarrými

Til þessarar greinar telst:

- Starfsemi verslana með allar tegundir matvöru og verslunarrými sem er minnst 400 fermetrar þar sem auk sölu á matvælum, drykkjarvöru og tóbaki er verslað með margvíslega aðra vöru, t.d. fatnað, húsgögn, heimilistæki, járnvöru, snyrtivörur o.s.frv.

Til þessarar greinar teljast ekki:

- Verslanir með blandaðan varning þar sem sala á öðrum vörum en matvörum nemur meir en 1/3 af veltu, sbr. 52.12

52.11.2 Matvöruverslun með minna en 400 m² verslunarrými

Til þessarar greinar telst:

- Starfsemi matvöruverslana með verslunarrými undir 400 fermetrum þar sem a.m.k. 2/3 veltunnar er sala á matvælum, drykkjarvöru og tóbaki

52.11.3 Sölugurnar

Til þessarar greinar telst:

- Smásala í sjoppum og sölugurnum með aðaláherslu á vissar tegundir matvöru, svo og sælgæti, drykkjarvöru og tóbak, sem opnir eru utan venjulegs verslunartíma, t.d. um nætur og helgar

Þar á meðal eru:

- Sölugurnar sem einnig leigja út myndbönd þegar myndbandaleigustarfsemin er minna en helmingur starfseminnar

Til þessarar greinar telst ekki:

- Myndbandaleigur, sbr. 71.40.1
- Bláðsölugurnar, sbr. 52.26
- Sælgætis- og konfektverslanir, 52.27
- Sölugurnar í tengslum við bensinstöðvar, sbr. 50.50

52.12 52.12.0 Önnur blönduð smásala

Til þessarar greinar telst:

- Smásala með fjölbreytt úrval vöruhegunda auk matvæla þar sem sala á öðrum vörum en matvælum, drykkjarvöru og tóbaki, s.s. fatnaði, húsgögnum, heimilistækjum, járnvöru, snyrtivörum, skartgripum, leikföngum og íþróttavörum nemur meira en 1/3 af veltu.

52.2**Smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum****52.21 52.21.0 Ávaxta- og grænmetisverslun**

Þar á meðal er:

- Ávaxta- og grænmetisverslanir sem einnig selja blóm
- Smásala með lífrænt ræktað grænmeti

Til þessarar greinar telst ekki:

- Verslanir sem eingöngu selja blóm, sbr. 52.48.8
- Garðplöntusölur og garðyrkjustöðvar, sbr. 52.48.9
- Sala ávaxta og grænmetis á útímörkuðum og sölugurgum, sbr. 52.62

52.22 52.22.0 Kjötbúðir

Þar á meðal eru:

- Sérverslanir með kjöt og álegg

Til þessarar greinar telst ekki:

- Sala á tilbúnum mat, þ. á m. smurbrauðsstofur sbr. 55.52
- Pylsugerð, kæfugerð o.þ.h., sbr. 15.13

52.23 52.23.0 Fiskbúðir

Til þessarar greinar telst:

- Smásala á ferskum fiski og fiskafurðum, s.s. fiskfarsi og tilbúnum réttum úr fiski

Alþingi
Erindi nr. P 131/897
komudagur 28.2.2005

Mál 481. Þingskjal 735. Breytingar á lögum um helgidagafrið.

Landssambandi ísl. verzlunarmanna, sem eru heildarsamtök allra verslunarmannafélaga og deilda verslunarmanna í verkalyðsfélögum á landinu, hefur ekki borist ofangreint mál til umsagnar. Við gerum ráð fyrir því að það hafi verið mistök og sendum því eigi að síður inn umsögn, þar sem málið varðar félagsmenn okkar um allt land.

Í frumvarpinu er lagt til að rýmkaður verði enn frekar en orðið er réttur verslana til að hafa opið á helgidögum og þá um leið að fækkað verði þeim dögum, sem starfsfólki verslana verði tryggt frí á með lögum.

Verslanir eru nú þegar opnar 7 daga vikunnar allan ársins hring og verslunum, sem hafa opið allan sólarhringinn, fjölgar. Við sjáum enga þörf á því að útvíkka leyfilegan afgreiðslutíma enn frekar enda er hann óvíða óheftari og lengri en hér á landi.

Um er að ræða föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag og með þeim langa afgreiðslutíma, sem verslanir eru opnar fyrir og eftir þessa daga, teljum við enga nauðsyn að ganga á þá örfáu daga, sem afgreiðslufólki er enn tryggt lögvarið frí á.

Þá viljum við benda á að sú aðferð að miða við ákveðinn fermetrafjölda hefur verið notuð m.a. í Danmörku og skapað þar mörg vandamál bæði varðandi hvaða rými verslunarinnar skuli vera talið með og vegna mismununar milli verslana.

Við óskum eftir að þessar tillögur verði endurskoðaðar með tilliti til þessara athugasemda.

Við lýsum okkur fús til að mæta fyrir nefndina málinu til stuðnings.

Virðingarfyllst,

Landssamband ísl. verzlunarmanna
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, formaður
Kringlunni 7, 103 Reykjavík
S. 588 1300 GSM 896 2220

Alþingi
Erindi nr. P 131/798
komudagur 17.2.2005



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

16.feb. 2005

Efni: Frumvarp til laga um helgidagafrið, 481.mál, afgreiðslutími matvöruverslana.

SVP- Samtök verslunar og þjónustu fagna þessu frumvarpi sem felur í sér leiðréttingu í löggjöf varðandi jafnræði rekstraraðila í matvörusmásölu jafnframt því að staðfesta að Ísland er nútímalegt fjölmenningsþjóf félag þar sem þjónusta er mikilvæg og á ekki að mótast af trúarlífi í landinu.

SVP áttu fulltrúa í þeirri nefnd sem endurskoðaði lögin og vakti þar m.a. athygli á að kjarasamningar gerðu ráð fyrir að verslunarþjónusta gæti farið fram á þeim dögum sem um ræðir, nefnilega föstudeginum langa, páskadegi og Hvítasunnudegi. Þá sé greitt tilgreint álag fyrir vinnu þessa daga. Einnig var því lýst yfir að SVP teldu sjálfsagt að fólk notaði frí- og orlofsdaga sína til að iðka trúarlíf sitt og að atvinnurekendur ættu að sýna þessu skilning. Að síðustu vakti fulltrúi SVP athygli á því að fjöldi sk. verslunarmanna stundaði vinnu umrædda daga t.d. á fjölmiðlum, bílaleigum og víðar án nokkurra vandkvæða né sérstakrar umræðu eins og ofurlítið hefur borið á varðandi afgreiðslu- og sölufólk verslana.

SVP hvetja Alþingi til að samþykkja umrætt frumvarp sem bætir verslunarþjónustu í landinu og jafnar eins og áður sagði stöðu rekstraraðila.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 131/898
komudagur 28.2.2005



Verzlunarmannafélag Reykjavíkur
Húsi verslunarinnar
Kringlunni 7
103 Reykjavík
Sími 510 1700
Fax 510 1717
Veffang www.vr.is
Netfang vr@vr.is

Reykjavík 24. febrúar 2005

Umsögn um breytingu á lögum um helgidagafrið (32/1997)

Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur hefur verið falið að veita umsögn um frumvarp til laga um helgidagafrið, 481. mál, afgreiðslutíma matvöruverslana. Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar:

Með breytingu á 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna er helgidagaopnun matvöruverslana með verslunarrými undir 600 fermetrum og þar sem a.m.k. 2/3 hluti veltunnar er sala á matvælum, drykkjarvöru og tóbaki, heimiluð á föstudeginum langa, páskadegi og hvítasunnudegi. Tillaga þessi um rýmkun opnunartíma gengur lengra en óskir vinnuveitenda varðandi efnið, þar sem fyrri umræða snerist aðallega um afgreiðslutíma verslana á hvítasunnudegi.

Athugasemd er því gerð við þá tillögu að rýmka opnunartíma á helgidögum umfram óskir hagsmunaaðila verslana og fækka þar með þeim dögum þar sem launþegum í verslunarstörfum er tryggður frídagur skv. lögum.

Við þetta má bæta að afgreiðslutími verslana hérlendis er nú þegar orðinn með þeim hætti að vart er á bætandi. Verslunarkjarnar og stórmarkaðir eru opnir 7 daga vikunnar, sólarhringsopnun matvöruverslana er að ryðja sér til rúms, auk þess sem núgildandi ákvæði um starfsemi á helgidögum er nýtt til fullnustu. **Í dag er opnunartími verslana einna frjálsastur hér á landi af löndum hins vestræna heims og verður því ekki séð að sérstök þörf sé fyrir enn frekari rýmkun á þessu sviði.**

Að auki er gerð athugasemd við þá viðmiðunarstærð verslana sem tilgreind er í lagabreytingunni, þ.e. 600 fermetra verslunarrými. Ætla má að stór hluti alls verslunarrýmis í þessum geira sé um og undir 600 fermetrum, t.a.m. allar svokallaðar klukkaverslanir og þykir því ekki ástæða til að hafa svo rúma viðmiðun. **Horfa verður jafnframt til reynslu grannþjóða okkar af stærðarviðmiðunum þar sem er eilífur ágreiningur er um hvað fermetrar skulu taldir, þ.e. hvort andyri verslunarmiðstöðva sé talið með, lager og gangar o.s.frv.**

Fyrir hönd VR eru því fyrrnefndar athugasemdir gerðar og jafnframt óskað eftir því að tillögur nefndar þeirrar sem dómsmálaráðherra skipaði vegna þessara mála 1. júní 2004, verði endurskoðaðar með tilliti til framanritaðs.

Virðingarfyllst,
F.h. VR


Gunnar Páll Pálsson

